

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Mói miðbæjarkjarni, nýtt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 4. apríl 2024 deiliskipulag fyrir nýtt miðbæjarsvæði sem nefnist Mói. Deiliskipulagsbreytingin markar miðbæjartorg umkringtt húsum sem hýsa ýmsa miðbæjarstarfsemi þar á meðal hótél. Íbúðir verða einnig á efri hæðum húsa sem geta orðið allt að 5 hæðir.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi. Deiliskipulagið er endurbirt í Stjórnartíðindum þar sem fyrri birting skipulagsins átti sér stað áður en aðalskipulag hafði verið birt.

Víkursandur – uppskipting lóðar – óveruleg breyting deiliskipulags.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 27. júní 2024 óverulega breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Víkursandi vestan við Þorlákshöfn. Breytingin felur í sér að lóð sem var 19.500 m² er skipt upp í 6 smærri lóðir.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hjarðarból svæði 3 og 4, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 27. júní 2024 breytingu á deiliskipulagi Hjarðarbóls svæði 3 og 4. Breytingin felur í sér að bætt er við lóð fyrir dæluhús og skipulagsmörkum breytt lítillega svo lóðin verði innan skipulagssvæðisins.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Suða í Selvogi, deiliskipulag – leiðrétting á fyrri birtingu.

Þann 13. maí 2024 var auglýst nýtt deiliskipulag fyrir Suðu í Selvogi. Vegna mistaka var hluti texta auglýsingarinnar rangur og leiðréttest hann hér með þannig, að í stað: „Tillagan gerir ráð fyrir að núverandi hús verði 60 m² geymsla en heimilt verður að byggja nýtt sumarhús á lóðinni allt að 150 m².“ Kemur: Heimilt er að byggja, auk 100 m² gestahúss, sumarhús á 2 hæðum allt að 150 m² að grunnfleti, innan reits fyrir sumarhús. Mænishæð mest 8 m yfir landhæð.

Þorlákshöfn, 30. júlí 2024.

Sigurður Steinar Ásgeirsson,

skrifstofu- og verkefnastjóri umhverfis- og framkvæmdasviði.